

Mál nr. 158/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar S og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar H.

Kona datt um keðju í bílageymslu 6.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V-1 dags. 2.6.2016 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 14.6.2016

Málsatvik.

M fór úr bíl í bílakjallara og var á leið á tónleika en M starfar sem hljóðfæraleikari. M ætlaði að ganga af bifreiðastæði í bílakjallaranum að lyftuhúsi, en ekki er sérstaklega merkt gönguleið frá þeim stað þar sem M fór úr bílnum og að lyftuhúsinu. M fór á milli bíla áleiðis að lyftuhúsinu og féll um keðju sem strekkt var milli súlna, í þeim tilgangi að afmarka bifreiðastæðin og slasaðist hún við fallið. M telur að keðjan hafi ekki verið sýnileg enda sé skuggsýnt í bílageymslunni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S sem rekstraraðila bílakjallara og H sem húseigenda. Einnig telur hún að T, sérstakt rekstrarfélag bílakjallarans, beri ábyrgð á aðstæðum í bílakjallaranum. M telur að keðjan hafi verið of lág og með öllu ósýnileg. M telur S, H og T bera skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli ábyrgðar fasteignareiganda og/eða rekstraraðila. M segir umbúnaðinn ófullnægjandi og óforsvaranlegan auk þess sem engar varúðarmerkingar hafi gefið til kynna að varast þyrfti keðjuna. V-1 hafnar bótaskyldu vegna S og segir S ekki eiganda að þeim búnaði sem M datt um og ekki hafa komið honum fyrir og beri því ekki ábyrgð á honum sem slíkum. Þá mótmælir V-1 að búnaðurinn sem M datt um hafi hvorki verið óvenjulegur né óforsvaranlegur. V-2 hafnar bótaskyldu vegna H og T. V-2 segir að T hafi ekki verið með ábyrgðartryggingu hjá V-2 á tjónsdegi, en T sé eigandi bílakjallarans þar sem slysið varð. V-2 segir að H sé ekki rekstraraðili bílakjallarans og langtímasamningur hafi verið gerður við S um rekstur hans. Þá segir V-2 að ekki sé sýnt fram á að H eða starfsfólk H hafi sýnt af sér háttsemi sem leiði til skaðabótaskyldu og umbúnaður sá sem H beri ábyrgð á sé þannig að ekki leiði til skaðabótaskyldu í þessu tilviki. V-2 hafnar því að um vanbúnað hafi verið að ræða sem hafi leitt til slyss M.

Álit.

Nefndin tekur einungis afstöðu til ágreinings um bótaskyldu milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sbr. 3. gr. samþykktar fyrir nefndina, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. Verður því ekki tekin afstaða til mögulegrar skaðabótaskyldu T, þar sem ekki liggur fyrir að það félag hafi verið tryggt með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingarfélag á tjónsdegi. Nefndin tekur því einungis afstöðu til þess hvort skaðabótaskylda sé fyrir hendi af hálfu S vegna ábyrgðartryggingar hjá V-1 eða hjá H vegna ábyrgðartryggingar hjá V-2.

Í umrætt sinn ákvað M að stytta sér leið á milli bifreiða í bílakjallara og féll um keðju sem er strekkt á milli súlna í bílakjallaranum. Keðjan er ekki á augljósri gönguleið heldur er ætlað að stýra því hvernig bílum er lagt. Mat nefndarinnar er að ekki hafi, með þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, verið sýnt fram á að sá búnaður sem þarna var um að ræða hafi verið óforsvaranlegur eða til þess fallinn að valda augljósri hættu fyrir þá sem um bílakjallarann ganga. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húseigenda eða rekstraraðila vegna slyssins sem hún varð fyrir 6.3.2014.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V-1 eða V-2.

Reykjavík 9.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.